

Ed. **889. Frumvarp til laga** [202. mál]
um embættisgengi kennara og skólastjóra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 397 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Kennarar, sem hafa lokið B.A.- B.S.- eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstæðu prófi, og uppfylla auk þess skilyrði 2. gr., fullnægja skilyrðum til skipunar í kennarastöðu við framhaldsskóla. Sama gildir um kennara sem hafa jafngilt nám samkvæmt 4. gr. eða falla undir ákvæði 9. greinar. Þó skal umsækjandi með cand. mag.- próf eða annað hliðstætt því ganga fyrir að öðru jöfnu.

Bráðabirgðaákvæði hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldu-námsskóla 4 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöðu, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.